

Kennsluáætlun haust/vor 2019 - 2020

Tónlist og tjáning 2. bekkur

Í tónlist og tjáningu er 1 kennslustund á viku í 2. bekk. Samkennsla er með 3. bekk.

Kennari er Dagný Elísdóttir.

Vinnulag

Hér skal gerð stutt samantekt á því sem tekið verður fyrir í faginu í vetur.

Í vetur verður lögð áhersla á að nemendur læri um frumbætti tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljóma, túlkun og form. Fjallað verður um mismunandi hljóðfæri. Nemendur syngja, dansa og læra algeng íslensk lög og texta. Nemendur læra að beita rödd sinni í samsöng og spuna, klappa takt, skapa einfalt tónverk og skrá og greina stílbrigði í tónlist þ.e. mun á háum og lágum tónum. Enn fremur að nemendur geti rætt um tónlist út frá smekk og upplifun.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
1 kennslustund á hverjum föstudegi	Ýmsar bækur notaðar sem hugmyndaefni t.d. Trommur og töfrateppið, Töfrakassinn ásamt ýmsum hugmyndum af veraldarvefnum. Allskonar tónlistarleikir, hreyfisöngvar, samsöngur, vixlsöngur, klappleikir og tónlistarþrautir. Hreyfing og tjáning eftir hljóðfalli, hreyfileikir og frjáls hreyfing.	Nemandi getur ... þekkt algengustu hljóðfæri beitt rödd sinni í samsöng og spuna leikið einfalda takta skapað eigin tónlist gert grein fyrir stílbrigðum tónlistar þ.e. háum og lágum tónum tekið óhræddur þátt í tónlistarflutningi og tjáningu samhæft hreyfingu við tónlist sýnt jákvæð samskipti í hópavinnu farið eftir fyrirmælum og unnið sjálfstætt komið fram við aðra af kurteisi og virðingu	Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð.

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með í mentor.is, bæði skráningum um námsmat og viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi, Dagný Elísdóttir